

Skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 24. október 2016
UST201609-159/K.S.J.
10.04.03

Efni: Sveitarfélagið Hornafjörður. Tillaga að deiliskipulagi í landi Hólabrekku.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 26. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi í landi Hólabrekku í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið sem er allt að 1 ha, er að stórum hluta ræktað tún er hallar lítillega til suðurs. Áætlað er að stækka núverandi íbúðarhús og byggja gistihús og 5 gistihýsi á jörðinni Hólabrekka.


Byggingar


Í greinargerð kemur fram að áætlað gistihús verði allt að 800 m² að stærð á einni hæð. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að milda ásýnd frá Suðurlandsvegi að smáhýsum og gistihúsi t.d. með trjágróðri.

Á ofangreindu deiliskipulagssvæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki jarðminjar eða vistgerðir er njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda skipulagstillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur